

4., skýrsla læknisins, sem tók á móti Jakob, þegar hann var fluttur í land, um ástand hans.

Það er vitaskuld, að undirdómaranum ber einnig að útvega þær upplýsingar í málinu, sem hinar hjer áskildu kynnu að gefa tilefni til.

Því úrskurðast:

Undirdómaranum ber að útvega hinar hjer að framan greindu upplýsingar, svo fljótt sem verða má.

Mánudaginn 16. aprilmán.

Nr. 6/1877.

Hið opinbera
gegn

Bjarna Þorsteinssyni og Jóni Hannessyni.

Dómur:

Með brjefi amtmannsins í suðuramtinu til sýslumannsins í Borgarfjarðarsýslu, dagsettu 7. júní 1875, var öllum fjáreigendum í tjeðri sýslu boðið að hafa fje sitt í heimavöktun það sumar, og gæta þess vandlega, að engin sauðkind slyppi úr vöktuninni; en eptir að þessi skipun amtmannsins hafði verið birt í sýslunni, sluppu kindur vestur yfir Hvítá frá nokkrum fjáreigendum í Reykholtaldal og Hálsasveit, og höfðaði hlutaðeigandi sýslumaður þá opinbert lögreglumál á móti þeim, fyrir brot gegn skipunum amtmanns. Í máli þessu fjell dómur yfir tveim af hinum kærðu, Bjarna Þorsteinssyni á Hurðarbaki og Jóni Hannessyni á Skáney — hinir höfðu lokið sekt eptir úrskurði amtmanns — fyrir aukarjetti Borgarfjarðarsýslu, 28. nóv. f. á., á þá leið, að þeir, hvor um sig, skyldu borga 10 kr. sekt til fátækra sjóðs Reykholtaldalshrepps; svo skyldu þeir og borga allan kostnað af málinu; en þeim dómi er eptir ósk hinna kærðu áfrýjað til yfirdómsins.

Hinir kærðu hafa kannast við, að nokkrar af kindum þeirra hafi sloppið úr heimahögum á þeim tíma, sem þeir eptir skipun amtsins áttu að hafa fje sitt í heimagæzlu; en þeir hafa borið fyrir sig, að þeir hafi gjört sjer allt far um að hlýðnast skipun amtsins í þessu efni, en að heimagæzlan á geldfje þeirra, sem vant er að ganga á sumrin uppi á Arnarvatnsheiði, hafi verið mjög miklum erfiðleikum bundin, og ómöguleg, án þess að pinta fjeð svo, að það ekki hefði getað komizt í hold; enda hafi þar við bætzt, að geldfje annara fjáreiganda, sem einnig áttu að hafa fje sitt í heimagæzlu, hafi einlægt verið að koma saman við fje þeirra og óspekja það.

Það virðist nú augljóst, að hinum kærðu ekki verður gefin sök á því, þó einhver af kindum þeirra slyppi úr heimagæzlunni, nema því að eins, að þeir, eins og segir í 7. grein tilskipunar 5. janúar 1866, hafi sýnt annaðhvort óhlýðni eða hirðuleysi við skipanir yfirvaldsins um gæzlu á fje þeirra, en eptir því, sem hinir kærðu hafa skýrt frá, og að öðru leyti er komið fram undir málinu, sjer í lagi þar sem skipun amtsins aðeins fer fram á, að fjeð skuli haft í heimagæzlu, án þess að nákvæmar sje tiltekið, hvernig henni skuli hagað, en hinir kærðu ljetu gá að fje sínu á hverjum degi, kvöld og morgna, og að öðru leyti reyndu að passa það, eins vel og þeir, sjer án stórskada, gátu við komið, þá virðist þeim ekki verða gefin slík óhlýðni eða hirðuleysi að sök, er geti varðað hegningu samkvæmt nefndri lagagrein, og ber því að dæma þá sýkna af kærum sóknarans í máli þessu. Þó ber þeim að greiða, að sinum helmingi hvorum, allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum, er ákveðast 10 krónur handa hvorum.

Rekstur og meðferð málsins í hjerði, og sókn og vörn þess fyrir yfirdóminum hefur verið lögmat.

Því dæmist rjett að vera:

Hinir ákærðu Bjarni Þorsteinsson og Jón Hannesson eiga að vera sýknir af ákærum sóknarans í máli þessu, þó ber þeim að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar á meðal málsfærslulaun til sóknara og svaramanns fyrir yfirdóminum málaflutningsmannanna Páls Melsteðs og Guðmundar Pálssonar, 10 kr. til hvors.

Dóminum á að fullnægja undir aðför að lögum.

Mánudaginn 23. aprílmán.

Nr. 7/1877:

Rjettvísín

gegn

Guðmundi Bjarnasyni.

Dómur:

Með eigin játningu hins ákærða Guðmundar Bjarnasonar, vinnumanns í Hákotí í Njarðvík, og öðrum upplýstum atvikum, er það löglega sannað, að hann vorði 1876 hafði skrifað ávísunarseðil undir nafni þá verandi húsbónda síns, Ólafs Ingimundarsonar í Bygggarði, án vitundar hans og vilja; en í ávísunarseðli þessum er verzlunarstjóri Jón Pálsson beðinn að hjálpa Ólafi um 2 krónur handa ákærða og færa Ólafi þær til reiknings. Ákærði fór síðan með seðilinn til nefnds verzlunarstjóra, og fjekk út á hann 2 kr. virði, sem Ólafur neitaði að borga, af því seðillinn væri falsaður. Sömuleiðis hefur hinn ákærði játað, að hann hafi tekið dálítið af haustull frá Ólafi húsbónda sínum, í því skyni að stela henni, en Ólafur hafi tekið hana af sjer aptur. Fyrir þessi afbrot er hinn ákærði dæmdur fyrir aukarjetti Gull-